



11

Úr ljósmyndaferðalögum í gæludýraþjónustu

Eftir 12 ár af flakki um heiminn í ljósmyndaferðalögum, leitaði Óli Haukur Valtýsson að leiðum til að geta eytt meiri tíma með fólkinu sínu og endaði á að opna gæludýraþjónustuna Dýrakofann ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Sigmarsdóttur, á Selfossi í janúar sl. Á myndinni eru þau hjónin ásamt Margréti Söru, einni dætra þeirra.



Mynd: Grímsnes- og Grafningshreppur.

Borun lokið í Vaðnesi

Borun og prófunum á nýrri vinnsluholu, VN-34, í Vaðnesi er nú lokið. Holan var boruð í 600 m dýpi og er hún að gefa um 50-60 l/s af 70°C heitu vatni sem er svipað og núverandi vinnsluhola í Vaðnesi. Eftir eru langtímaprófanir en fyrstu prófanir gefa til kynna að nýja holan hafi lítil áhrif á vinnslu í holu VN-13B, núverandi vinnsluholu. Aðalæð VN-34 er í um 540 m

dýpi sem er ríflega 75°C heit og fer hitnandi.

Með þessari holu er búið að auka bæði vinnslugetu og afhendingaröryggi Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps. Nú fer af stað vinna við virkjun á holunni og er stefnt á það fyrir árslok 2024. Borlausnum, ÍSOR og landeigendum í Vaðnesi er þakkað samstarfið.

GOGG

Stjórnunar- og verndaráætlun Þjórsárdals staðfest

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, hefur staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæðið Þjórsárdal. Þjórsárdalur afmarkast að vestan við Þverá og að austri við Búrfell, með fjallsmúlanum Fossöldu í miðið, sem skiptir dalnum í tvo hluta með háum ásum, Rauðukömbum og Reykholti.

Árið 2020 var hluti Þjórsárdals friðlýstur til að vernda sérstæðar jarðmyndanir og landslag, sem hefur hátt fagurfræðilegt og menningarlegt gildi. Innan friðlýsta svæðisins eru náttúruvættin Gjáin, Háifoss,

Granni og Hjálparfoss. Friðlýsingin miðar einnig að verndun líffræðilegrar fjölbreytni og endurheimt raskaðra vistkerfa, meðal annars með uppgræðslu og endurheimt birkiskóga.

Menningarlandslag Þjórsárdals var friðlýst árið 2021 samkvæmt lögum um menningarminjar. Nýlega staðfest stjórnunar- og verndaráætlun inniheldur framtíðarstefnu og þriggja ára aðgerðaáætlun, unnin í samstarfi við Umhverfisstofnun, landeigendur og hagaðila. Svæðið liggur að hluta innan þjóðlendumarka.

Markmið áætlunarinnar er að vernda svæðið, viðhalda

verndargildi þess og samræma hagsmuni landbúnaðar, ferðaþjónustu, útivistar og rannsóknar. Sérstök áhersla er lögð á stýringu umferðar vegna viðkvæmra jarðminja og lífríkis.

„Þjórsárdalur er stórfenglegt svæði með staði eins og Gjánni, Háafossi og Hjálparfossi, sem eiga sérstakan stað í hjörtum Íslendinga. Svæðið hefur langa og merkilega sögu og heimamenn vilja hlúa vel að því. Meginmarkmið áætlunarinnar er að tryggja vernd svæðisins í sátt við alla,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson.

Landslagsverndarsvæði eru friðlýst til að vernda landslag



Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, og Haraldur Þór Jónsson, sveitastjóri og oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

með hátt fagurfræðilegt eða sérstætt á svæðis-, lands- eða menningarlegt gildi, sem er heimsvísu.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA bZ4X
100% RAFMAGNSBÍLL



Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](#)

Forsetakosningar fara fram þann 1. júní 2024



Kjörstaðir í Bláskógabyggð vegna forsetakosninga 1. júní 2024 eru tveir:

I. Aratunga, Reykholti, fyrir íbúa í Biskupstungum.

II. Bláskógaskóli Laugarvatni, Lindarbraut 6, fyrir íbúa í Laugardal og Þingvallasveit.

Kjölfundur hefst í báðum kjördeildum kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00.

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki og framvísa þeim ef óskað er. Einstaklingar búsettir erlendis, sem hafa kosningarétt í Bláskógabyggð, eru á kjörskrá í kjördeild I, Aratunga, Reykholti.

Kjörskrá liggur frammi á skrifstofu Bláskógabyggðar í Aratungu frá og með 11. maí 2024 fram til kl 12:30 31. maí 2024

Yfirkjörstjórn Bláskógabyggðar



RATTLEIKUR

23 MAÍ '24 KL 17:15-18:15

Aldur: 6-9 ára

Hvítasunnukirkjan Selfossi - Austurvegur 40 b

Frekari upplýsingar í síma: 777 5609

Íbúakosningu frestað í Ölfusi

Á fundi bæjarstjórnar Ölfuss í síðustu viku var ákvörðun tekin um að fresta atkvæðagreiðslu meðal íbúa um skipulagslegar forsendur þess að byggð verði og starfrækt mölunarverksmiðja í Keflavík, skammt frá Þorlákshöfn. Samhliða ítrekaði bæjarstjórn að sú ákvörðun um að heimila ekki byggingu mölunarverksmiðju án atkvæðagreiðslu meðal íbúa standi óhögguð.

Í afgreiðslu bæjarstjórnar segir: Um leið og bæjarstjórn harmar þá stöðu sem upp er komin í aðdraganda íbúakosninga vegna vinnubragða First Water telur hún mikilvægt að nálgast málið af ábyrgð með heildarhagsmunum bæjarbúa að leiðarljósi. Sérstaklega er áriðandi að upplýst verði með fullnægjandi og rökstuddum hætti á hvaða rökum fullyrðingar First Water byggja.

Með það fyrir augum er atkvæðagreiðslu þeirri sem Sveitarfélagið Ölfus boðaði til með auglýsingu 28. apríl sl. á grundvelli 107. gr. sveitarstjórnarlaga um aðal- og deiliskipulagstillögur vegna mölunarverksmiðju og hafnar í Keflavík við Þorlákshöfn frestað. Eftir sem áður stendur óhaggað að áður en heimild verður veitt til byggingar mölunarverksmiðju við svo kallaða Keflavík í Ölfusi verður haldin bindandi atkvæðagreiðsla meðal bæjarbúa.

Tillagan var svohljóðandi:

Að kvöldi 15. maí sl. barst bæjarfulltrúum bréf frá Eggerti Kristóferssyni forstjóra First Water. Þar er í fyrsta skipti upplýst um þá afstöðu fyrirtækisins að: „óásættanlegt [sé] að í sömu götu standi til að byggja mölunarverksmiðju sem fer alls ekki saman við matvælaframleiðslu né heldur bygging hafnar á því svæði sem [First Water] er að sækja jarðsjó.“

Fyrir liggur að bæjarstjórn hefur boðað til íbúakosninga á grundvelli 107. gr. sveitarstjórnarlaga um aðal- og deiliskipulagstillögur vegna mölunarverksmiðju og hafnar í Keflavík við Þorlákshöfn. Er þar spurt um það hvort að íbúar vilji samþykkja eða hafna því að samþykktar verði þær deili- og aðalskipu-

lagstillögur sem liggja til grundvallar starfsemi tilgreindrar mölunarverksmiðju sem Heidelberg hyggst starfrækja.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss lýsir furðu sinni á vinnubrögðum fyrirtækisins First Water í því sem lýtur að skipulagsmálum í sveitarfélaginu. Öllum er löngu ljóst að til skoðunar hefur verið að staðsetja starfsemi Heidelberg innan grænna iðngarða á lóð milli landeidisfyrirtækjanna Geo Salmo og Landeidisstöðvarinnar Þór. Fram hefur farið ítarlegur undirbúningur vegna málsins sem í öllu hefur stjórnast af þeim lögum, reglum og hefðum sem gilda skulu um slíkt. Það vandaða ferli skilaði mörgum athugasemdum sem sérstaklega hefur verið brugðist við og svarað. First Water sá sér ekki fært að fylgja vönduðum formlegum verkferlum til að koma rökstuddum ábendingum á framfæri, heldur beið þar til öllu formlegu ferli var lokið með að viðra skoðanir sínar. Tveimur klukkutímum fyrir opinn borgarafund og þremur dögum áður en atkvæðagreiðsla hæfst var lögð fram þriggja málsgreina bréf þar sem fullt var um skaðsemi af starfsemi Heidelberg fyrir First Water. Fullyrðingarnar voru með öllu örökstuddar og án nokkurra gagna.

Ekki verður hjá því litið að fullyrðingar First Water ganga algerlega í berhögg við afstöðu Geo Salmo og Landeidisstöðvarinnar Þór sem eru í sömu starfsemi og liggja umtalsvert nær fyrirhugaðri starfsemi Heidelberg, með aðliggjandi lóðamörk. Í samtali við forsvarsmenn Geo Salmo og Landeidisstöðvarinnar Þór hefur komið fram að þeir hafi kynnt sér fyrirhugaða starfsemi Heidelberg afar vel. Bæði hafi þeir fundað með fulltrúum Heidelberg, fengið hjá þeim gögn, falið sérfræðingum sínum að rýna málið og þar fram eftir götunum. Niðurstaða þess var að vænt starfsemi Heidelberg væri ekki skaðleg fyrir landeidisfyrirtæki þeirra.

Í opnu bréfi forstjóra Heidelberg til forstjóra First Water segir hins vegar: „Forsvarsmenn First Water hafa ekki á neinu stigi ferlisins lýst áhyggjum eða sett fram athugasemdir vegna verksmiðjunnar þótt mörg tækifæri og nægur tími hafi verið til þess. Vandséð er því á hvað gögnum afstaða First Water hvílir.“

Bæjarstjórn Ölfuss telur að bréf forstjóra First Water fylli málið allt vafa og óvissu sem ekki verður við unað. Þrátt fyrir

ámælisverð vinnubrögð verður ekki hjá því litið að First Water er einn stærsti hagsmunadilinn í þessu máli. Þar fer aðili sem býr yfir mikilli sérfræðiþekkingu á svæðinu og hefur unnið fjölmargar rannsóknir á náttúrufari þess sem Sveitarfélagið Ölfus og íbúar hafa ekki fengið aðgengi að.

Bent er á að ein af grunnreglum stjórnsýsluréttar er hin svo kallaða rannóknarregla sem hljóðar svo: „Stjórnsvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.“

Um leið og bæjarstjórn harmar þá stöðu sem upp er komin í aðdraganda íbúakosninga vegna vinnubragða First Water telur hún mikilvægt að nálgast málið af ábyrgð með heildarhagsmunum bæjarbúa að leiðarljósi. Sérstaklega er áriðandi að upplýst verði með fullnægjandi og rökstuddum hætti á hvaða rökum fullyrðingar First Water byggja.

Með það fyrir augum er atkvæðagreiðslu þeirri sem Sveitarfélagið Ölfus boðaði til með auglýsingu 28. apríl sl. á grundvelli 107. gr. sveitarstjórnarlaga um aðal- og deiliskipulagstillögur vegna mölunarverksmiðju og hafnar í Keflavík við Þorlákshöfn frestað. Eftir sem áður stendur óhaggað að áður en heimild verður veitt til byggingar mölunarverksmiðju við svo kallaða Keflavík í Ölfusi verður haldin bindandi atkvæðagreiðsla meðal bæjarbúa.

Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að kalla tafarlaust eftir fundi með fulltrúum First Water þar sem óskað verður eftir því að fram verði lögð gögn sem styðja þær fullyrðingar sem fram koma í bréfi forstjóra First Water dagsettu 14. maí 2024. Þá verði kallað eftir því að First Water skili inn ítarlegri greinargerð sem útlistar öll þau atriði er tengjast væntri starfsemi Heidelberg sem valdið geta vandvæðum við starfsemi First Water. Þegar slíkt liggi fyrir verði óháðum aðila falið að fara yfir forsendur og skila Sveitarfélaginu Ölfusi mati þar á. Þetta mat ásamt öðrum þeim gögnum sem kunna að berst verði svo kynnt vandlega fyrir bæjarbúum áður en boðað verði til íbúakosninga að nýju.

Á sama hátt er bæjarstjóra falið að eiga samtöl við fulltrúa annarra fyrirtæja sem eru í matvælavinnslu á áhrifasvæðinu til að fá fram á formlegan máta ítrekaða afstöðu þeirra, er þar sérstaklega vísað til Geo Salmo og Landeidisstöðvarinnar Þór.





EINFÖLD HEYRNARMÆLING

þér að kostnaðarlausu í Lyfju Selfossi

Líttu við dagana 22. og 23. maí kl. 10–14 í einfalda
heyrnarmælingu þér að kostnaðarlausu í Lyfju.
Brynja Bjarnfjörð Magnúsdóttir heyrnartæknir
hjá Lyfju Heyrn tekur vel á móti þér.

Líttu við, engin tímabókun. Öll velkomin.



Lyfja Selfossi Austurvegi 44, 800 Selfoss

Dagskrárborgarinn er mættur á Röstí

Andri og Árni á Röstí í Mjólurbúinu á Selfossi eru matgæðingar miklir og hafa sett saman glænýjan pop-up borgara sem hefur hlotið nafnið Dagskrárborgarinn. Dagskrárborgarinn er bbq, piparosta smassborgari með pikkluðum rauðlauk og fleira gúmmelaði, sem verður á boðstólum á Röstí næstu misserin. Samhliða færa þeir lesendum uppskrift að Röstí frönskukryddinu og þessum ómótstæðilega hamburgara, sem kjörið er að spreyta sig á heima nú þegar grasið er orðið grænt og sólin sífellt hækkanði á lofti. Segjast þeir handvissir um að „smassborgara“gerðin eigi ekki eftir að vefjast fyrir nokkrum manni, lykilatriði sé að hafa kjötið nógu feitt og að steikja brauðin upp úr nógu mikið af íslensku smjöri.

- 1x Brioche hamborgarabrauð
- Vel af smjöri
- 120 g af amk. 30% feitu nautahakki
- Olía
- 2 sneiðar cheddar-ostur
- Ferskt salat
- Tómatar
- 20 g rifinn piparostur
- BBQ-sósa
- Pikklaður rauðlaukur
- Röstí Ranch-sósan
- Salt og pipar

Dagskrárborgarinn
Byrjað er á að móta tvær 60 g kúlur úr hakkinu. Því næst er olía hituð á pönnu, kúlnurnar settar á pönnuna og flattar út með spaða. Kjötið er steikt á hvorri hlið og kryddað með salti og pipar. Þegar búið er að snúa, er cheddar- og piparostur settur á kjötið, þegar osturinn er bráðn-

aður er kjötinu raðað á brauðin sem steikt eru á pönnu upp úr ríkulegu magni af smjöri.

Á brauðið raðast álegginn svo:
Röstí Ranch-sósa
Salat
Tómatur
Kjöt og ostar
Pikklaður rauðlaukur
BBQ-sósa yfir herlegheitin

Röstí Ranch-sósan
2,5 dl majónes
1,5 dl súrmjólk
1/2 tsk. eplaedik
Sítrónubörkur af tæplega hálfri sítrónu
Dass af þurrkuðu dilli, salti og svörtum pipar

Öllu blandað saman í skál.

Pikklaður rauðlaukur
2 stk. rauðlaukur
150 ml vatn
150 g sykur
150 ml eplaedik

Edik, sykur og vatn sett í pott og hitað að suðu. Rauðlaukur skráldur og skorinn í þunnar sneiðar. Laukurinn er settur ofan í sjóðandi vatn í 70 sekúndur, snöggkældur, vökvinn sigtaður frá, laukurinn settur í krukku og edikblöndunni hellt yfir. Sett í kæli í 12 klst.

Röstí franskar
Kryddblandan sem einkennir franskanar á Röstí opinberast



Helga Guðrún Lárusdóttir, ritstjóri Dagskrárinnar, var hestánægð með Dagskrárborgarann. Mynd: Dagskráin/BRV

hér með og mælum við eindregið með því að lesendur útbúi meira en minna af henni til framtíðarnota.

Franskar kartöflur að eigin vali, djúpsteiktar.

Röstí frönskukrydd
3 msk. salt
1,5 msk. reykt paprika

1,5 tsk. sinnepsduft
1,5 tsk. svartur pipar
1 tsk. laukduft
1/2 tsk. hvítlauksduft
Cayenne-pipar á hnífsoddi

Öllum kryddum blandað saman, frönskunum velt uppúr blöndunni, afgangss kryddblanda sett í box og geymd í kæli.



Samkaup, Heimkaup og Orkan hefja samrunaviðræður

Undanfarna mánuði hafa Samkaup hf. og Skel fjárfestingafélag hf. átt í könnunarviðræðum um fýsileika samruna Samkaupa og tiltekinna dótturfélaga SKEL. Aðilar hafa framkvæmt forskoðun á samrunafélögunum með aðstoð sérfræðiráðgjafar og í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Skrifað hefur verið undir samkomulag um helstu forsendur fyrir því að hefja formlegt samrunaferli, þar sem Samkaup verður yfirtökufélagið. Nú hefjast því samningaviðræður um samrunann með það að markmiði að komast að samkomulagi um efni endanlegs kaupsamnings með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og hlut-hafafundar.

Samruninn er í samræmi við framtíðarstefnu Samkaupa og felur í sér marg-

vísleg tækifæri og breikkar tekjugrunn félagsins.

„Samkaup er yfirtökufélag í þessum samruna og ég er mjög ánægður með þessa niðurstöðu eftir vinnu síðustu missera. Ég er sannfærður um að sameinað félag eigi eftir að gera góða hluti til hagsbóta fyrir neytendur. Með sameiningu verður til fjárhagslega öflugt verslunarfélag á neytendamarkaði með sterka markaðshlutdeild í dagvöru, lyfjum og orku. Sameinað félag er með djúpar rætur í þjónustu við viðskiptavinini um allt land og verður enn sterkari keppinautur á markaði með mikil tækifæri til vaxtar. Aukin hagkvæmni hlýst af stærri rekstrareiningu en einnig eru mikil tækifæri víða um land með auknu þjónustuframboði,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, forsjóri Samkaupa.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.

Bládamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglýsingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Viltu í skyndi skjóta mér?
Skvísa mikil þetta er.
Úr bréfi hún er gjarnan gerð,
gömlum þörf í búðarferð.

Svar við gátu í blaði 2752: **BÓL**

1. Eiríkur frá Bóli, harmóníkuleikari og lagahöf.
2. Fer að háttu - 3. Ból á enda veiðineta - 4. (b)ól

Prentmet Oddi ehf. | Eyraey 25, 800 Selfoss
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

Öflugt atvinnulíf í Árborg

Hótel Selfossi 27. maí kl. 12.00-13.30

Samtök iðnaðarins efna til opins fundar mánudaginn 27. maí kl. 12.00-13.30 á Hótel Selfossi. Á fundinum verður efnt til samtals um uppbyggingu öflugs atvinnulífs í Árborg. Boðið er upp á léttan hádegisverð.

Meðal þátttakenda í dagskrá:

Árni Sigurjónsson

Formaður SI

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar

Bjarni Guðmundsson

Framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Ingólfur Bender

Aðalhogfræðingur SI

Sigurður Hannesson

Framkvæmdastjóri SI



Skráning á **si.is**
eða **skanna kóðann.**



Skólaakstur Reykholtsskóla 2024-2028
Laugarásleið
útboð

Bláskógabyggð auglýsir eftir tilboðum í skólaakstur fyrir Reykholtsskóla. Um er að ræða akstursleið nefnda Laugarásleið, þ.e. leið frá Helgastöðum um Laugarás á skólastað í Reykholti.

Útboðsgögn verða afhent á stafrænu formi frá og með 21. maí 2024. Þeir sem óska eftir að fá gögn afhent sendi tölvupóst á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða hringi í síma 480 3000.

Tilboðum skal skilað til Bláskógabyggðar, Aratungu, Reykholti, fyrir kl. 11 mánudaginn 10. júní 2024 þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim sem þess óska.

Skólastjóri



Nýjar fréttir á hverjum degi!

Í minnigu Árna Erlingssonar

Það er hefð á Byggðasafni Árnesinga fyrir heimsóknum trésmíðanema frá Fjölbautaskóla Suðurlands. En það var í tíð Árna Erlingssonar (1935 – 2019) kennara við skólann sem bjó bæði yfir mikilli þekkingu á þessu sviði og áhuga á byggingarsögu og varðveislu gamalla húsa, að nemendur hófu að koma reglulega á Eyrarbakka í sögugöngu og til skoða HÚSIÐ. Eftir hans dag urðu þessar heimsóknir óreglulegri og um tíma dattu þær alveg út. Fyrir nokkru voru þessar heimsóknir endurvaktar og má segja að þær hafi borið nokkuð skemmtilegan og gagnlegan ávöxt.

Vorið 2021 var lagður grunnur að fræðsluverkefni sem kennarar og fagstjóri trédeildar FSu þróuðu í samvinnu við safnkennara á Byggðasafni Árnesinga. Kennslubók hefur litið dagsins ljós á rafrænu formi þar sem meðal annars er fjallað um lög og reglugerðir um húsfriðun og breytingar á húsum, byggingarsögu tré- og steinhúsa á Íslandi og byggingarsögulegt gildi húsa og mannvirkja. Eldra kennsluhefti eftir Árna Erlingsson trésmíðakennara rennur inn í námsefnið og er stórmerkileg heimild samin sérstaklega fyrir trésmíðanemendur Fjölbautaskóla Suðurlands. Árni Erlingsson kenndi við Fjölbautaskóla Suðurlands um áratuga skeið og lagði traustan grunn ásamt öðrum að því glæsilega verknámi sem nú er í boði við skólann. Má segja að kennslukver Árna hafi verið kveikjan og grunnurinn að

því sem nú er orðið að kennslubók fyrir trésmíðanemana.

Byggðasafn Árnesinga er staðsett á Eyrarbakka þar sem má finna vel varðveittan húskjarna eða þorpsmynd frá aldamótunum 1900. Sýningaraðstaða safnsins er sömuleiðis í einu elsta húsi landsins eða HÚSINU sem var reist á landi Skúmsstaða árið 1765. Sjálft húsið er byggingarsöguleg perla sem og elsti hluti þorpsins sem upplagt er að nemendur í áfanganum Húsaviðgerðir og breytingar kynnist og fái aðgang í gegnum námsefni og heimsóknir á safnið.

Í Fjölbautaskóla Suðurlands er öflug húsasmíðabraut sem á rætur að rekja til miðrar 20. aldar og þaðan hafa fjölmargir smiðir útskrifast. Námsefnið er samið

með þennan nemendahóp í huga og hluti af nálguninni er heimsókn nemendahópsins á safnið, bæði við upphaf annar og nálægt annarlökum. Í seinni heimsókninni fara nemendur í göngu um þorpið og kynnast af eigin raun þeim byggingararfi sem finna má á Eyrarbakka. Bygginga- og mannvirkjagreinar eiga rætur sínar í fornum handverkshefðum en miklar og örur breytingar hafa orðið á störfum smíða samhlíða breyttum lífnaðarháttum. Samstarf kennara í FSu og á safninu er öflug leið til að dýpka og útvíkka umfjöllunarefni áfangans og samhljómur er á milli námsefnis smíðanemanna og þess sem finna má í fortíðinni á Eyrarbakka.

res / jöz



Fundur fyrir verðandi fermingarbörn vorsins 2025

Við bjóðum ykkur velkomin á kynningarfund í Selfoskirkju miðvikudaginn 29. maí kl. 18:00. Fundurinn er fyrir verðandi fermingarbörn í Árborgarprestakalli, undir það heyra kirkjurnar í Árborg og Flóahreppi. Á fundinum verður farið yfir skipulag fermingarfræðslunnar og ýmislegt annað fyrir næsta vetur. Verið velkomin til fundarins og að kynna ykkur starfið. Við viljum einnig benda á að inn á selfoskirkja.is undir fermingarstörfin er að finna upplýsingar um væntan-

lega fermingardaga og þar er hlekkur til að skrá barn í fræðsluna. Við hlökkum mikið til þess að kynnast nýjum hópi fermingarbarna og eiga samfélag með ykkur öllum næsta vetur.

Ef það eru einhverjar spurningar þá endilega hafið samband við okkur prestana í tölvupósti eða síma, upplýsingar um það má finna inn á selfoskirkja.is

Kær kveðja
Guðbjörg, Gunnar og Ása Björk



BROOKS DAGAR
DAGANA 23-25.MAÍ
BJÓÐUM VIÐ UPP Á
25% AFSLÁTT Í VERSLUN
OG Á SPORTBAER.IS



KVÖLDOPNUN
FIMMTUDAGINN 23.MAÍ FRÁ KL:20-22
SÉRFRÆÐINGUR FRÁ BROOKS VERÐUR Á
STAÐNUM.



Ávaxtakarfan hjá Leikfélagi Hveragerðis

Næsta verkefni Leikfélags Hveragerðis er hin sívin-sæla Ávaxtakarfa, eitt vinsælasta íslenska barnaleikrit sem samið hefur verið. Höfundur er Krist-laug María Sigurðardóttir, höf-undur tónlistar er Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson.

Leikstjóri verður Gunnar Gunnsteinsson sem leikstýrði Benedikt Búálfi 2022, með miklum glæsibrag, söng- og raddþjálfun verður í höndum Andreu Gylfadóttur söng- og leikkonu. Fyrsti hittingur/sam-lestur verður fimmtudaginn 23. maí kl. 19, annar föstudaginn 24.

maí kl.19 og svo verða áheyrnar-prufur laugardaginn 25. maí milli kl. 11 -15. Framhaldið verður svo kynnt nánar þá, en stefnt er á frumsýningu í lok september.

Leikfélagið hvetur öll, 16 ára og eldri, sem langar að taka þátt í uppfærslunni til að mæta í Leik-húsið að Austurmörk 23, sömu-leiðis þau sem ætla ekki endi-lega að leika en vilja vera með í skemmtilegum hópi. Til að koma leiksýningu á svið þá þarf, auk leikaranna, fólk sem hefur áhuga á t.d. leikmyndasmíði, leik-muna- og búningagerð og ýmis-konar tæknivinnu.



Stuðningsfólk Katrínar Jakobsdóttur í Fagrabæ

Stuðningsfólk Katrínar Jakobsdóttur til forseta Íslands í Árnesþingi, hefur aðsetur í Fagrabæ Sigfúsar Kristinssonar við Bankaveg á Selfossi fram að kosningum 1. júní nk. Þar verður heitt á könnunni og gestum og gangandi er velkomið að kíkja við og leggja framboðinu lið. Fagribær verður um leið til sýn-is en húsið er fallega byggður gamall bær með torfþaki, stolt

staðarsmiðsins Sigfúsar Kristinssonar. Opnunartímar verða frá kl 17 - 19 á daginn og lengur um helgina kemur. Katrín Jakobsdóttir ráðgerir nú að koma með kosningahátíð á Selfoss miðvikudaginn 29. maí nk. En það verður nánar auglýst síðar.

Stuðningsfólk Katrínar Jakobsdóttur



Bráðskemmtilegt héraðsmót HSK í sundi

Bráðskemmtilegt héraðs-mót HSK í sundi fór fram í Laugaskarði í Hveragerði 15. maí. Mótið hefur verið haldið nær árlega í tæp 80 ár, en vorið 1945 var fyrsta HSK mótið í sundi haldið í Laugaskarði. Fram að því hafði sundkeppni á hér-aðsvisu farið fram sem hluti af héraðsmótinu, en fyrst var keppt í sundi hjá HSK á Þjórsártúns-mótinu 1926. Til fróðleiks var fyrsta HSK mótið í sundi helgað minningu skáldsins Jónasar Hall-grímssonar og sett af stað með ræðuhöldum og ljóðalestri.

En aftur að mótinu 15. maí. Keppendur Selfoss unnu samtals 13 HSK meistaratitla á mótinu

og Hamar tvo. Stigakeppni fé-laga fór þannig að Umf. Sel-foss hlaut 138 stig og Hamar 34 stig. Hallgerður Höskuldsdóttir átti stigahæsta sund samkvæmt alþjóða stigatöflu, en hún synti 50m. skriðsund á 32,33 sek. og hlaut fyrir það 391 stig.

Þrír sundmenn unnu þrjú sund og hlutu bikar fyrir, þau Arnór Karlsson, Hallgerður Höskulds-dóttir og Róbert Freyr Atlason Norðdal.

Sundnefnd HSK þakkar sund-fólki fyrir þátttökuna og foreldr-um fyrir aðstoð við framkvæmd mótsins.

Heildarúrslit eru á www.hsk.is.



Sigurlið Selfoss, ásamt Magnúsi Tryggvasyni þjálfara. Mynd: Laufey Sif Lárusdóttir,

Flúðaskóli auglýsir lausar stöður skólaárið 2024 – 2025 Aðstoðarskólastjóri 100% staða

Leitað er að framsæknum einstaklingi sem hefur færni til að leiða starfsemi skólans í stjórnendateymi. Aðstoðarskólastjóri gegnir mikilvægu hlutverki í að móta góðan skólabrag og samstarfsvettvang skóla og samfélags. Við-komandi þarf að hafa brennandi áhuga á skólastarfi, skólaþróun og skóla-stjórnun. Aðstoðarskólastjóri tekur þátt í mótun framtíðarstefnu skólans í samræmi við aðalnámskrá og skólastefnu Hrunamannahrepps.

Menntunar- og hæfiskröfur:

- Leyfi til þess að nota starfsheitið kennari – viðbótarmenntun er kostur.
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og ungl-inga.
- Skipulagshæfni, stundvísi, frumkvæði og sjálfstæði.
- Faglegur metnaður.
- Áhugi og hæfni til að starfa í teymisvinnu.
- Góð íslenskukunnátta.

Starfslýsingu aðstoðarskólastjóra má finna á heimasíðu Flúðaskóla **100% staða á mið- og unglingastigi. Aðalkennslugrein náttúrufræði 100% staða (afleysing í 1 ár) Umsjónarkennari á miðstigi**

Við leitum að einstaklingum með kennsluréttindi í grunnskóla sem eru metnaðarfullir, góðir í mannlegum samskiptum, eru sveigjanlegir og sjálf-stæðir í vinnubrögðum og tilbúinn að leita nýrra leiða í skólastarfi.

Í Flúðaskóla verða tæplega 100 nemendur næsta skólaár. Við skólann starfa áhugasamir og metnaðarfullir starfsmenn. Gildi skólans er virðing-vitneskja. Lögð er áhersla á að skapa námsumhverfi þar sem allir eru virkir, öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og um-hverfi sínu.

Við leitum að einstaklingum með kennsluréttindi í grunnskóla sem eru metnaðarfullir, góðir í mannlegum samskiptum, eru sveigjanlegir og til-búnir að leita nýrra leiða í skólastarfi. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Gerð er krafa um leyfisbréf á grunnskólastigi.

Umsóknum skal fylgja ferilskrá og upplýsingar um meðmælendur. Störfin henta einstaklingum óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til 4. júní 2024.

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, í síma 4806612. Umsókn ásamt ferilskrá skal send á netfangið johannalilja@fludaskoli.is



Púlsinn, framtíðarlausn á vistvænum kælikerfum



Púlsinn er nýtt sunnlenskt raf- og kæliþjónustufyrirtæki í eigu Birkis Guðna Guðnasonar, Bjarka Orrasonar og Kristins Jónssonar. Birkir, sem er fæddur og uppalinn Ólafsfirðingur en býr á Hofteig í landi Byggðarhorns við Votmúla, er vélfræðingur, vélvirkjameistari og rafvirkir sem hefur m.a. starfað hjá Rafiðnaðarsambandinu, Fosshaf, Johann Rönning og Frostmark. Bjarki er vélvirkir sem er fæddur og uppalinn í Reykjavík og hefur m.a. sinnt vélstjórnarstarfi á skipum Björgunar og Kristinn, fæddur og uppalinn á Selfossi er útskrifaður vélfræðingur og rafvirkir sem vann áður hjá framkvæmda- og veitusviði Árborgar.

Bremningarnir kynntust þegar þeir störfuðu saman hjá Expert kælingu í um 8 ár og eru þeir allir með vottuð réttindi í að meðhöndla F-gas kælimiðla. Birkir og Kristinn eru með Meistarabréf í vélvirkjun og verða komnir með Meistarabréf í Rafvirkjun fyrir júl. „Við erum með um 10 ára reynslu á kæli og frystikerfum, höfum sett upp mikið af Co2 kæli- og frystikerfum t.d. hjá Nettó, Lýsi og Kvikk. Höfum einnig verið í uppsetningum á vistvænni kælikerfum í eldhúsum og vöruhúsum,“ segja þeir í samtali við Dagskrána en Púlsinn hefur aðsetur á Hofteig og í Mosfellsbæ.

Þjónustu, viðhald og uppsetningar á öllum gerðum kæli- og frystikerfa fyrir verslanir og veitingastaði, mjólkurtanka fyrir bændur, bjórtanka fyrir bruggverksmiðjur, í raun allt frá minnstu kæli- og frystitækjum upp í stærstu kerfi fyrir hátækni- iðnað, ásamt því eru F-Gas kælimiðlar einna mest notaðir hér á landi og erum við hjá Púlsinum allir með vottun frá Umhverfisstofnun í meðhöndlun á þessum kælimiðlum. En við höfum líka verið mikið í rafmagni þá aðallega í stýringum og iðntölvum.“ Þá segja þeir að í dag horfi stjórnvöld alltaf meira og meira í minnkun á innflutningi af vetnisfluorkolefni HFC-efna (F-gas kælimiðla), til að minnka CO₂ losun til framtíðar. „Okkar stefna hjá Púlsinum er að finna lausnir á kæli- og frystikerfum í öllum stærðum í vistvænni lausnir á kælimiðlum. Til að minnka auka kostnað hjá okkar viðskiptavinum á háum skatti sem settur hefur verið á alla F-Gas kælimiðla og verða sumir þeirra alfarið bannaðir árið 2030. Púlsinn er að horfa í samstarfi við okkar viðskiptavini að finna lausnir og áætlun til framtíðar við að losna við þessa F-Gas kælimiðla og koma öllum í framtíðarlausn á vistvænum kælikerfum. Ásamt því er stefnt að því í byrjun næsta árs, 2025, verði Púlsinn ehf. orðinn löggiltur rafverktaki.“

„Vanir að þvælast um allt land við vinnu“

Fyrirtækið Púlsinn ehf. var stofnað á Akureyri árið 1988 af Sæmundi Hrólfssyni Rafvirkjameistara, tengdaföður Birkis. Fyrirtækið var rekið í áratugi á Akureyri en rekstur þess lá að mestu niðri um skeið. Eftir að Sæmundur lést eignaðist Birkir fyrirtækið. Þegar við ákváðum að láta slag standa og hefja rekstur var eignarhaldinu skipt upp og erum við þrír allir jafnir hluthafar. Við erum tveir búsettir á Selfossi og gerum mest út þaðan. Sá þriðji er búsettur í Mosfellsbæ og gerir út þaðan. Starfssvæðið okkar má segja að sé Suðurland eins og það leggur sig, Vesturland og Suðurnes. Við erum vanir að þvælast um allt land við vinnu,“ segir Birkir kíminn. „Við höfum allir starfað í þessum geira, við uppsetningu, viðgerðir og þjónustu á öllum stærðum og gerðum af kæli- og frystikerfum í 8 - 10 ár. Það má segja að stundin hafi runnið upp að við teljum okkur tilbúna til þess að hefja eigin rekstur á þeim grunni sem við höfum byggt, gott tengslanet við viðskiptavini og birgja, gríðar mikla þekkingu, reynslu og menntun,“ bætir Bjarki við.

Lekandi kælikerfi getur losað jafn mikið af koltvísýring og heimilisbíl sem keyrir hring í kringum hnöttinn

Til upplýsinga bæta þeir við að F-Gas kælimiðlar hafi slæm áhrif á umhverfið og náttúruna, en það sé eitthvað sem kannski ekki allir átti sig á. „Allir kælimiðlar bera svokallaða GWP tölu (Global Warming Potential) sem segir til um hve mörg tonn koltvísýrings í gildis hvert tonn af þeim tiltekna kælimiðli hafi, sleppi hann út í umhverfið. Sem dæmi R404, sem hefur verið mikið notaður hérlandis í gegnum tíðina, hefur GWP tölu upp á 3.922 sem þýðir að sleppi aðeins eitt kg af R404 út í andrúmsloftið, jafngildi það losun uppá 3.922kg af koltvísýrings eða u.þ.b. það sama meðal heimilisbíl losar við það að keyra einn hring í kringum hnöttinn. Kælimiðlarnir eru þó allir skaðlausir þegar þeir eru inni í lokuðu kælikerfi að gegna sínu hlutverki en vandamálið hefst þegar kælimiðill lekur út af kerfinu. Flest kælikerfi og þá sérstaklega stærri kerfi fara að leka á einhverjum tímupunkti. Ástæða þess að kælikerfi geta farið að leka er vegna slits, það verða tæringar, gallar við framleiðslu, aldur kerfa eða hreinlega slys eða óhöpp sem laska kerfin. Ástæða þess að stærri kerfi leka frekar er einfaldlega sú að í þeim eru fleiri íhlutir sem geta bilað, þau ná yfir stærra yfirborð og eru oft við meira krefjandi aðstæður en t.d. ísskápur í heimahúsi.“

GOBBIDIGOTT

Staðsetning fyrir framan nýju Húsasmiðjuna á Selfossi.


Matseðillinn er úr íslenska eldhúsinu og inniheldur meðal annars: Kjötbollur, bjúgu, pylsur, kjötsúpu, fiskibollur og fleira.



PYLSA, KÓK OG PRINS 800 kr.

ALLSKONAR SPENNANDI TILBOD VERÐA Í GANGI Í SUMAR!

DAGLEGUR RÉTTUR DAGSINS



ÓSKUM EFTIR STARFSFÓLKI MEÐ RÍKA ÞJÓNUSTULUND Í HLUTASTÖRF Í SUMAR.

MÖGULEIKI Á ÁFRAMHALDANDI STARFI. KOSTUR EF VIÐKOMANDI ER ORÐINN 18 ÁRA.

HÓTEL STRACTA OG MOSFELL Á HELLU



531 8010



info@stracta.is

Opið bréf til Lilju Alfreðsdóttur menningar- og viðskiptaráðherra og til Stefáns Eiríkssonar útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins

Málefni:

Beiðni um að fyrirhuguð dag-skrá Ríkisútvarpsins Sjónvarps verði felld niður milli klukkan 20:00 og 23:00 á einum af eftirtöldum dögum: Á föstudeginum 24. maí eða laugardeginum 25. maí eða sunnudeginum 26. maí eða mánudeginum 27. maí. Að í þess stað verði það kvöld efnt til framboðsfundar í sjónvarpssal með forsetaframbjóðendum og fyrirhugaður fundur frambjóðenda í sjónvarpssal 31. maí ef til vill felldur niður.

Ég, undirritaður, Tómas Ísleifsson, fyrrum framhaldsskólakennari í raungræinum og stærðfræði, bið um að Ríkisútvarpið skoði ábendingar mínar gaumgæfilega og að því loknu verði hugmyndum mínum hrundið í framkvæmd.

Kynning „...kappræður...“ tólf forsetaframbjóðenda voru í sjónvarpssal Ríkisútvarpsins þann 3. maí 2024 og fyrirhugað er að annar fundur forsetaframbjóðenda fari fram í sjónvarpssal að kvöldi 31. maí 2024 og þá degi fyrir forsetakosningar 1. júní 2024.

Ég er ekki viss, en ég tel mig muna að þegar fjórir síðustu forsetar voru fyrst kosnir til embættis, hafi verið kynning/kappræður í sjónvarpi Ríkisútvarpsins á föstudagskvöldi, deginum fyrir kosningar. Ég á við kosningarnar: 1968, 1980, 1996 og 2016. Það er hins vegar ekki náttúrulegt að kynning/kappræður frambjóðenda þjóni best lýðræðinu með þessu skipulagi.

Ég leyfi mér að minna á sögu okkar Íslendinga – að alla sögu Íslands, frá sjálfstæði árið 1918 til þessa dags, hefur þjóðin kosið þingmenn til Alþingis í kjördæmum og kosningabaráttu fór lengst af fram á þingfundum í héraði og í flokksblöðum. Almennur gat mætt á fundi í héraði og lesið í „Blaðinu“ útleggingu flokksins á sannleikanum. Þetta er liðin tíð – nú er skert flokksmálagn, aðeins skautun á netinu, sem fáir nenna að lesa. Fáir vita um grundvöll mála, fólk er kaffært með loforðum um samstöðu góðmennskunnar.

Stjórnendur Ríkisútvarpsins vita um þá skyldu stofnunarinnar að upplýsa almenning um eðli þjóðfélagsmála. Fyrir næstu alþingiskosningar verður það ekki best gert með því einu að efna til fundar í sjónvarpssal kvöldið fyrir kosningar. Meira þarf til, sem ég ræði ekki hér, við höfum tíma til stefnu.

Forsetakosningar eru einstakar. Landið er eitt kjördæmi og við veljum einn einstakling til að verða varðmaður þjóðar. Í þeirri kosningabaráttu sem nú fer fram eru fjölmiðlar í eigu

Tómas Ísleifsson



hagsmunaklíka berir að því að stýra vali kjósenda. Morgunblaðið og fleiri fjölmiðlar hafa brugðist siðferðilegri skyldu sinni að upplýsa, en í þess stað stundað þöggun. Í meira en tvær vikur hafa málöggnin elt fjóra til fimm frambjóðendur, sem kjósendur „eiga“ að velja á milli – aðrir komi ekki til greina!

Ríkisútvarpið getur gert betur, en nú er áætlað, til að uppfylla siðferðilegar og lagalegar skyldur stofnunarinnar. Það verður betur gert ef umhugsunartími þjóðarinnar, frá fundi frambjóðenda í sjónvarpssal, verður lengdur í fimm til átta daga í stað einnar nætur.

Það er lýðræðislegur réttur Íslendinga að á framboðsfundum til embættis forseta Íslands komi fram ef þjóðinni stafar hætta af ásælni gráðugra afla í sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar.

Vitsmunir hvers kjósenda, bæði rökvisi og tilfinningar, þurfa lengri tíma en eina nótt, til að við, hvert og eitt, tökum nýja ákvörðun um hvern við kjósum eða höldum upphaflegri stefnu. Sérhver einstaklingur þarf á því að halda að vera sáttur við sjálfan sig í kjörklefanum.

Sérhver frambjóðandi til embættis forseta Íslands á siðferðilegan rétt á að fá tækifæri til að benda á hæpnar skoðanir annarra frambjóðenda. Til þess er naumur tími í sjónvarpssal og engin leið að upplýsa þjóðina á einni nótu.

Íslendingar vita um áhrifamátt þess að staðhæfa í sífellu og kemur þá upp sagan af illsku fasisma/nasisma. En einnig hið góða – sannleikurinn, þarf á því að halda að frambjóðendur eigi þess kost að upplýsa um sannleika mála. Það verður ekki gert á einni nótu eftir síðasta fund þjóðarinnar í sjónvarpssal Ríkisútvarpsins.

Ég er að sjálfsögðu ánægður ef Ríkisútvarpið heldur þjóðinni einnig framboðsfund kvöldið fyrir kjördag forseta Íslands, en mestu skiptir fyrir lýðræði byggt á þekkingu –

að málefni frambjóðenda komi fram á sjónvarpsfundi um viku fyrir kjördag.

Við þurfum – frelsi og hamingja íslensku þjóðarinnar þarf – meira en eina nótleysu til umhugsunar.

Virðingarfyllt,
Tómas Ísleifsson

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Bláskógabyggð, Flóahreppur og Hrunamannahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi skipulagslýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi auk tillögu aðalskipulagsbreytingar:

1. Fell L177478; Landbúnaðarsvæði í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting – 2404070

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 15. maí 2024 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar á landi Engjaholts L177478. Í breytingunni felst breytt landnotkun landbúnaðarlands í verslun- og þjónustu.

2. Efra-Sel golfvöllur; Breyttur byggingarreitur og hótél; Aðalskipulagsbreyting – 2404066

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. maí 2024 að kynna skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Efra-Sels í Hrunamannahreppi. Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar er að fjölga herbergjum hótels/gistiheimilis á reit VP5. Aðalskipulagsbreytingin er forsenda fyrir breytingu á gildandi deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við Efra-Sel. Innan gildandi aðalskipulags Hrunamannahrepps er gert ráð fyrir allt að 80 gistirúmum á allt að 5 ha svæði. Eftir breytingu verður gert ráð fyrir allt að 170 gistirúmum og allt að 5 ha svæði.

3. Þjórásbraut 2, Stórholt; Landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting – 2401034

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. maí 2024 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna lóðarinnar Þjórásbrautar 2 í landi Stórhólts. Samkvæmt núverandi staðfestu aðalskipulagi Flóahrepps er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Er það ósk landeigenda að aðal- og deiliskipulagi svæðisins verði breytt þannig að hluti lóðarinnar Þjórásbraut 2 (3,21 ha), verði ætlað undir verslun- og þjónustu. Innan reitsins verði heimilt að reisa um 350 fm þjónustuhús þar sem jafnframt er heimilt að hafa 4 - 5 gistirými fyrir samtals um 20 gesti og um 30 - 40 gestahús til útleigu, sem eru um 30 fm hvert fyrir samtals um 60 - 80 gesti. Ennfremur er heimilt að reisa um 200 fm íbúðarhús/starfsmannahús og um 200 fm aukahús s.s gestahús, gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemmu.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og breytinga:

4. Hnaus lóð L178933; Skilgreining lóðar; Deiliskipulag – 2404067

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 14. maí 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lóðar Hnaus lóð L178933. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, tveggja gestahúsa og útihúss/gróðurhúss.

5. Grímsskjól L236179; Stofnun 6 smábýlaloða og landskipti; Deiliskipulag – 2403039

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 14. maí 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til landsskikans Grímsskjól L236179 úr landi Hallanda í Flóahreppi. Svæðið skiptist í tvo hluta um Engjalæk sem þverar skikann. Á syðri skikanum eru afmarkaðar sex smábýlaloðir þar sem heimilt verður að stofna lögbýli, byggja upp bæjartorfur og stunda hvern þann búskap sem heimilt er á landbúnaðarlandi samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins.

6. Íshellir á Langjökli; Manngerður hellir; Deiliskipulag – 2311073

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 15. maí 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til manngerðs íshellis á Langjökli. Deiliskipulagið nær yfir um 5 ha svæði þar sem afmörkuð verður lóð, byggingarreitur og aðkoma að svæðinu auk skilmála. Samhliða hefur verið auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á afþreyingar og ferðamannasvæði á jöklinum.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](#) og á skipulagsgátt [Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/](#). Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna [www.blaskogabyggd.is](#), [https://www.floahreppur.is/](#), [https://www.fludir.is/](#)

Mál 1 - 3 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 23. maí 2024 með athugasemdafresti til og með 13. júní 2024.

Mál 4 - 6 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 23. maí 2024 með athugasemdafresti til og með 5. júlí 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [skipulag@utu.is](#). Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Vígfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

TIL SÖLU



Þökuspjót

Erum með þökuspjót á lager
með s60 tengi. 260.000 kr. +
vsk. Framleiðum einnig fyrir allar
gerðir tengja. Klapparverk ehf
Stálsmiðja sími 789 3511.

Ljósmynd: Páll Jökull Pétursson.

Eitt mest krefjandi utanvegahlaup
á Íslandi fer fram í Vík á laugardagMýrdalshlaupið hefur tryggt sér sess meðal
bestu og stærstu utanvegahlaupaviðburða
á Íslandi síðustu ár og fer nú fram í 11. skipti
þann 25. maí næstkomandi kl. 11.00 í Vík í Mýr-
dal. Allt skipulag og utanumhald hlaupsins er í
höndum einnar fjölskyldu frá Vík, systkinanna
Ásu, Guðna, Friðu og Ástþórs, auk maka, for-
eldra, vina og vandamanna og um 40 sjálfboða-
liða.Keppt er í tveimur vegalengdum, 21 km með
1000 metra hækkun og 10 km með 500 metra
hækkun, auk þess verður boðið upp á 3 km
skemmtiskokk innanbæjar í Vík sem ræst er kl.
11.30.

Mari Järsk og Guðni forseti mæta

Rúmlega 500 keppendur eru skráðir til leiks og
þar á meðal er obbinn af fremstu hlaupurum
landsins eins og undanfarin ár. Má þar nefna
hlaupadrottningarnar Mari Järsk og Elísu Krist-
insdóttir sem gerðu garðinn frægan í Bakgarðs-
hlaupi Náttúruhlaupa nú á dögum. Halldóra
Huld Ingvarsdóttir, Íris Anna Skúladóttir ogAndrea Kolbeinsdóttir eru líka skráðar, en þær
eru á leið á Evrópumót í utanvegahlaupum fyrir
Íslands hönd í byrjun júní. Einnig ætla þeir Þor-
steinn Roy Jóhannesson, Þorbergur Ingi Jóns-
son og Sigurjón Ernir Sturluson að keppa í
Mýrdalnum áður en þeir halda á Evrópumótið
í utanvegahlaupum. Forseti Íslands, Guðni Th.
Jóhannesson er einnig skráður til leiks.Hlaupið er ræst í fjörunni í Vík og hlaupa all-
ir keppendur upp á Reynisfjall vestan við þorpið
þar sem leiðir skilja. Þar hlaupa keppendur í
lengra hlaupinu fram fjallið, yfir þjóðveginn og
upp á Höttu, fjall austan megin við Vík og þaðan
niður í Víkurþorp. Hlauparar í 10 km hlaupinu
fara aftur niður Reynisfjall og í mark.Hlaupið er eitt mest krefjandi utanvegahlaup
á Íslandi vegna mikillar hækkunar og lækkunar,
mikils bratta og fjölbreytts undirlags. Hjá mörg-
um er þetta hlaup hápunktur hlaupasumarsins,
en hjá öðrum liður í undirbúningi fyrir lengri
hlaup á Íslandi eða erlendis.Hægt er að kynna sér hlaupið betur á www.
myrdalshlaup.is.

KIRKJA

Laugardælakirkja

Sunnudagurinn 25. maí. Messað
verður í Laugardælakirkju kl. 14.
Guðmundur Eiríksson leikur á
orgel og sr. Gunnar Jóhannesson
þjónar fyrir altari. Verið hjartan-
lega velkomin.

Strandarkirkja

Guðspjónusta verður sunnu-
daginn 26. maí kl. 14:00. Félagar
úr Kór Þorlaks- og Hjallasóknar
leiða safnaðarsöng undir stjórn
Esterar Ólafsdóttur, organista.
Sigriður Munda Jónsdóttir,
sóknarprestur þjónar. Verum öll
velkomin.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11. Prestspjónusta sr.
Axel Á Njarðvík. Organisti Jón
Bjarnason. Verið hjartanlega vel-
komin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudagar: Samkoma, sunnu-
dagaskóli og kaffiveitingar kl.
11:00. English translation ava-
ilable. Mánudagar: Bæn og
lestur kl 17. Fimmtudagur 23.
maí 6-9 ára starf ratleikur. Allir
innilega velkomnir. www.sel-
foss gospel.isÁ myndinni má sjá hluta þátttakenda ásamt leiðbeinanda og fulltrúum frá
Fræðslunetinu og Sveitarfélaginu Árborg.Íslenska fyrir starfsfólk Sveitarfélagsins
Árborgar hjá FræðslunetinuNýverið útskrifaðist hópur
starfsfólks Sveitarfélags-
ins Árborgar úr starfstengdu ís-
lenskunámi sem var samstarfs-
verkefni Fræðslunetsins og
sveitarfélagsins.Námskeiðið fór fram hjá
Fræðslunetinu einu sinni í viku
á vinnutíma og var í boði fyrir
starfsfólk sem ekki hefur ís-
lensku að móðurmáli. Samhliða
námskeiðinu fengu þátttakendur
aðgang að smáforritinu, Bara
tala frá Akadémías, sem er staf-
rænn íslenskukennari sem bygg-
ir á gervigreind og íslenski mál-
tækni. Á námskeiðinu var lagtupp með að styðja við notkun
á Bara tala í starfstengdum að-
stæðum og daglegu lífi. Þátttak-
endur lærðu einnig íslenska staf-
rófið, framburð og grunnorða-
forða ásamt því að læra lestur
og ritun einfaldra setninga með
fjölbreyttum kennsluáðferðum.
Áhersla var á talmál og starfs-
tengdan orðaforða og notast var
við Bara tala sem tæki til að æfa
sig í framburði og setningum,
skilja kaffistofuspjallið á vinnu-
stöðum og auka sjálfstraust og
öryggi í starfi. Leiðbeinandi var
Sigprúður Harðardóttir.

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Dáleiðsla
HeilsaDáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá líðna atburði
og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst
þú í fyrra lífi?Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf,
nudd og svæðanudd.Bókanir á heilsulindheidars@
simnet.is eða í síma 898 1501
(SMS)

Heiðar Ragnarsson

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlunJákvæðar
hugsnir breyta
deginumRagnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.isCand.mag. í þrótafræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Úr ljósmyndaferðalögum í gæludýraþjónustu

Það má eiginlega segja að þetta hafi verið skyndi-ákvörðun, ég á litla ferðaskrifstofu, En Route Ljósmyndaferðir, og eins og nafnið bendir til býð ég upp á ljósmyndaferðir, bæði hér á Íslandi, en einnig í Vietnam, Myanmar, Bólivíu, Noregi, Mongolíu svo eitthvað sé nefnt. Þetta er búið að ganga vel, hefur byggt alla sína túra á mér og að ég leiði þessa hópa, og eftir meira en 12 ár í þessu var ég farin að finna að mig langaði að vera meira heima hjá fólkinu mínu og fór því að leita leiða til að minnka aðeins ferðalögin, en ég var í burtu vikur og stundum mánuði í einu,“ segir Óli Haukur Valtýsson í samtali við Dagskrána, en Óli opnaði nýverið gæludýraverslunina Dýrakofann, að Eyravegi 23 á Selfossi, ásamt Kristínu Sigmarsdóttur, eigin-konu sinni.

„Stökk bara á það“

Óli segir margar hugmyndir hafa komið upp um leiðir til að fækka ferðalögum. „Og margar alveg ágætær, en um miðjan desember síðasliðinn var ég að leiða ljósmyndaferð í Noregi og Kristín hringdi í mig því hún hafði frétt að sá sem var að flytja inn Sportsman’s Pride hundafóðrið væri hættur, við sáum tækifæri í því þar sem við vissum að þetta væri gott fóður og settum allt á fullt við að koma á tengslum við framleiðendur og hefja innflutning á fóðrinu. En þar sem fyrri innflytjandi var hættur þá var búðarplássið sem hann hafði til umráða líka laust svo ég stökk bara á það, og mánuði seinna var búðin tilbúin, en hún opnaði þó ekki formlega fyrr en 1. febrúar.“

Sérfræðipækking og góð tengsl

Þá segir Óli að það kunni að virka tilviljanakennt að hann hafi ákveðið, upp úr þurru, að henda sér í gæludýrabransann. „En það er nú ekki alveg svo, því Kristín hefur starfað um árabíl í allskonar tengdu hundum. Hún er einn af betri hundabjálfurum landsins

og eftir smá hlé, ætlar hún að snúa sér að fullum krafti aftur í hundabjálfun upp úr miðjum júní, en það verður rækilega auglýst á okkar miðlum þegar þar að kemur. Hún starfaði lengi með fíkniefnahunda hjá tollinum, var sömuleiðis lengi með leitarhund á útkallslista, ásamt því að þjálfa leitarhunda. Hún hefur þar af leiðandi sterk tengsl inn í hundasamfélagið á Íslandi. Þótti mér því tilvalið að notfæra mér hennar tengsl og það „goodwill“ sem hún hefur, og auðvitað líka alla þá sérfræðipækkingu sem hún býr yfir. Því þó að þessi búð sé starfsvettvangur sem ég var að búa til handa sjálfum mér, þá var og er hennar aðstoð ómetanleg þar sem hún hafði áður byggt upp gæludýraverslun frá grunni, gat kynnt mig fyrir byrgjum, og þó ég hafi nú vitað ýmislegt þá var hellingur sem ég vissi ekki og gat þá alltaf leitað til míns einkasérfræðings í koddahjali kvöldsins. Þetta hefði verið og væri erfitt án hennar.“

Þau ákváðu að bjóða upp á breitt vöruúrval sem samanstendur einungis af gæðafóðri.

„Þarna vorum við kominn með Sportsman’s Pride fóðrið, en við vissum líka að það eitt og sér myndi ekki duga til að leysa öll vandamál sem geta komið upp í fóðrun dýra. Kristín starfaði lengi hjá heildsölu sem flutti inn Belcando fóðrið, og á stóran þátt í að gera það jafnvinsælt og það er orðið, þó að það séu mörg ár síðan og aðrir hafi tekið við þeim kyndli og haldið honum uppi með glæsibrag. En við vissum hversu gott fóður Belcando hundafóður og Leonardo katta-fóður er, svo það var lykilatriði að vera með það líka og hefur það fengið frábærar viðtökur. Við tókum líka inn Royal Canin sem er mjög þekkt merki og það hefur líka selst mjög vel. Við bjóðum upp á gríðarlega vandaðar og góðar vörur frá Non-stop dogwear, beisli, tauma, ólar, jakka og fleira, en eins og þeir vita sem þekjja þessar vörur þá er þetta

nú svona það besta í bransanum,“ segir Óli og bætir við að Sportsman’s Pride sé langvin-sælasta hundafóðrið, í kattarfóðri segir hann mest fara af Royal Canin, þó svo að bæði Leonardo og kattafórðið frá Sportsman’s Pride, sem eru ekki eins þekkt merki séu að vinna vel á.

Gefa öllu séns

Auk fóðursins reyna þau að vera með allt það helsta sem gæludýraeigendur þurfa fyrir dýrin sín; búr, bæli, dót, hreinlætis- og snyrtivörur, nagbein, sandkassa og allt þar frameftir götum. „En auðvitað í nýrri búð kemur stundum fólk sem vantar eitthvað sem er ekki til, eitthvað sem ég gleymdi eða hafði ekki áttað mig á að þyrfti að vera til, og þá nota ég tækifærið og bæti því við ef ég tel að gagn sé af, þannig höfum við náð á stuttum tíma að byggja upp það glæsilega vöruúrval sem við bjóðum upp á í dag.

Starfsfólk Dýrakofans hefur yfirgripsmikla þekkingu á gæludýrum og hvað er þeim fyrir bestu. „Við gefum okkur tíma til að finna réttu lausnina fyrir hvert og eitt dýr, að auki erum við í beinu sambandi við sérfræðinga sem við getum hringt í og spurt ráða. Það má líka nefna að í búðinni hjá okkur er hún Ingunn með aðstöðu fyrir hundasnyrtinguna Hvuttaklipp, en hún tekur líka við stórum hundum og köttum. Ingun er alger snillingur og dýrin eru í góðum höndum hjá henni. Við höfum stundum fengið sérfræðinga á sínu sviði til að koma til okkar og vera með einhverja kynningu eða fræðslu, það hefiur fengið góðar viðtökur og við komum til með að bjóða upp á allskonar fræðslu og uppákomur, fylgist með okkur á facebook til að missa ekki af neinu.“

Móttökurnar vonum framar

Óli segir móttökurnar við opnun Dýrakofans hafa verið vonum framar. „Ég vissi ekki alveg hverju ég mætti eiga von á og var alveg búinn að búa mig undir að



startið yrði erfitt, en fólk er búið að taka okkur gríðarlega vel og fyrir það erum við þakklát.“

„Framtíðarsýn Dýrakofans er að halda áfram að vinna traust og vera í góðu sambandi við gæludýraeigendur hér á Selfossi og nágrenni, að þeir geti gengið að því vísu að fóðrið þeirra sé til og að þær ráðleggingar sem þeir fá í Dýrakofanum séu faglegar og góðar.

Við erum með vefverslun: www.dyrakofinn.is og þó að hún hafi gengið alveg ágætlega, þá hefur vinnan sem ég hef sett í hana verið í lágmarki, og því eru miklir vaxtamöguleikar þar.

Við stefnum á að festa okkur í sessi sem leiðandi afl í þjónustu við gæludýraeigendur á Selfossi og nágrenni,“ segir Óli að lokum.

Tandurhreint

Láttu okkur sjá um þriffin
Bókaðu þrif á netinu
tandurhreint.is

Heimilisþrif · Húsfélög · Fyrirtæki

Sími: 779 3632 · tandurhreint@tandurhreint.is



Skrifstofa Eyravegi 9, Selfossi

Sími: 482 1717

tonar@tonar.is; www.tonar.is

Skrifstofan er lokað frá miðjum júní fram í byrjun ágúst.

UMSÓKN UM SKÓLAVIST 2024– 2025

Sótt er um rafrænt á heimasíðu Tónlistarskóla Árneseinga

www.tonar.is - smellt á: [UMSÓKN UM SKÓLAVIST](http://www.tonar.is)

og allar umbeðnar upplýsingar fylltar út.

Gott er að sækja um sem fyrst til að tryggja sér pláss.

Nemendur sem fá skólavist, fá tölvupóst í ágúst með upplýsingum um greiðslu skólagjalda.

Kennslutímabilið byrjar í lok ágúst og stendur til maíloka.

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri geta leigt hljóðfæri af skólanum.

Hefurðu sótt um áður án þess að fá skólavist?
Endumýja þarf umsókn árlega.

Tónlistarskóli Árneseinga hlaut Menntaverðlaun Suðurlands 2022



Árborg hlaut Nýsköpunar-verðlaun hins opinbera

Þrjú verkefni hlutu Nýsköpunarverðlaun hins opinbera árið 2024 sem veitt eru fyrir framúrskarandi árangur á sviði nýsköpunar í opinberri starfsemi.

Alls bárust vel á fjórða tug tilnefninga en dómnefnd skipuðu fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Reykjavíkurborg og Vestmannaeyjabær hlutu sameiginlega viðurkenningu fyrir verkefni varðandi útboð og innleiðingu á velferðartæknilausn sem hefur gert heilbrigðis- og félagsþjónustuveitendum á velferðarsviði sveitarfélaganna kleift að stórefla upplýsingamiðlun sín á milli og hámarka skilvirkni við veitingu fjölbreyttrar þjónustu í heimahúsum. Þjónustunotendur hafa einnig öðlast betri yfirsýn á skipulagi sinnar þjónustu.

Sveitarfélagið Árborg hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir framfaradriðinn metnað á sviði umbóta og stafrænnar þjónustu



sveitarfélagsins. Í erfiðu árferði hefur Árborg lyft grettistaki í stafrænni umbreytingu með fjölbreyttum stafrænum umbótaverkefnum sem hafa skilað bættri yfirsýn stjórnenda á verkefnum og dregið úr álagi starfsmanna.

Stafræn málsmeðferð dánarbúa
Þá fengu Sýslumenn viðurkenningu fyrir brautryðjendastarf við sjálfvirknivæðingu opinberra

þjónustu, og sérstaklega stafræna málsmeðferð dánarbúa. Alls voru 92% útgefinna dánarvottorða í lok árs 2023 stafræn, en voru 26% í byrjun sama árs. Sýslumenn fá helstu lykilupplýsingar á borð við skattframtöl og ökutækjægnir sjálfkrafa í ferlinu, aðstandendur geta fyllt allar yfirlýsingar og umsóknir út stafrænt, sem hefur gert umsóknarferlið einfaldara og fljótlegra.



Nemendur skoruðu á kennara í lúftgítarkeppni

Nokkrir drengir í Laugalandsskóla skoruðu á kennara í lúftgítarkeppni sem haldin var fimmtudaginn 16. maí og voru nemendur skólans í dómarsæti. Bæring Jón sá um að kynna keppendur til leiks en það voru þau Einar, Ragna, Sóley, Erla Berglind og Helga Sunna sem kepptu á móti þeim

Degi, Sveini, Steindóri, Antoni og Grétari. Búið var að velja fimm lagabúta sem keppendur áttu nota til að sýna listir sínar og það gerðu þeir svo sannarlega, það var varla hægt að sjá að um áhugafólk væri að ræða. Metnaðurinn var svo mikill að það lá við slysi í eitt skiptið. Allt fór þetta samt fram í mesta

bróðerni og verður vonandi að föstum lið hjá okkur.

Myndirnar sýna betur hvað það gekk mikið á, þetta var líklega einn af skemmtilegri matartímum í sögu skólans.

Það voru nemendur sem unnu heiðurinn að þessu sinni og það er alls ekki víst að það gerist oftar. Laugalandsskóli

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS
Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun
Sími 510 1180 - Hellismýri 14 - 800 Selfossi

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is